

**2002100003**

3501; 9310

Línuhönnun hf  
Helga J Bjarnadóttir  
Suðurlandsbraut 4a  
108 Reykjavík

Reykjavík, 11. nóvember 2002  
/PFP

**Efni: Stækkun kjúklingabúsins að Hurðarbaki, Hvalfjarðarstrandarhreppi. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Móa fuglabús að matsáætlun um stækkun kjúklingabúsins að Hurðarbaki, Hvalfjarðarstrandarhreppi í allt að 240.000 stæði fyrir kjúklinga.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Línuhönnunar dags. 1. október 2002 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Móar fuglabú hf. Tillaga að matsáætlun vegna stækkunar kjúklingabúsins að Hurðarbaki. Línuhönnun hf. 1. október 2002.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Hvalfjarðarstrandarhreppi, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, Hollstuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins og veiðimálastjóra. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Hvalfjarðarstrandarhreppi með bréfi dags. 6. október 2002, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með bréfi dags. 16. október 2002, Hollstuvernd ríkisins með bréfi dags. 18. október 2002, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 28. október 2002 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 17. október 2002. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfum dags. 21., 23. og 29. október og 4. nóvember 2002.

**NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir

framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í svörum framkvæmdaraðila dags. 21., 23. og 29. október og 4. nóvember 2002 og með eftirfarandi athugasemdu.

### **1. Framkvæmd og starfsemi**

Framkvæmdin felur í sér stækken kjúklingabúsins að Hurðarbaki í allt að 240.000 stæði. Skipulagsstofnun telur æskilegt að þessar upplýsingar komi fram í heiti framkvæmdarinnar. Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að gera grein fyrir öllum mannvirkjum þar á meðal fyrirhuguðu frárennsliskerfi, 100 m<sup>3</sup> fellitanki og siturlögnum, sem gert er ráð fyrir að hreinsi frárennsli frá 6 húsum í einu. Fram þarf að koma staðsetning frárennsliskerfisins m.t.t. skipulags og gera þarf grein fyrir virkni þess m.t.t. krafna reglugerða nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.

### **2. Athugunarsvæði**

Skipulagsstofnun telur að athugunarsvæði framkvæmdarinnar sem þarf að leggja til grundvallar matsskýrslu þurfi að ná til stærra svæðis en fram kemur í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun eins og kemur fram í umsögnum Hollustuverndar ríkisins og sveitarstjórnar Hvalfjarðarstrandarhrepps, vegna áhrifa af förgun skíts. Athugunarsvæðið nái til jarðarinnar Hurðarbaks, beggja bakka Laxár fyrir landi Hurðarbaks og a.m.k. 100 m niður með ánni frá landamerkjum Hurðarbaks, eins og framkvæmdaraðili hefur lagt til og til íbúðarhúsa/sumarhúsa aðliggjandi jarða varðandi mat á sjónrænum áhrifum og lykt.

### **3. Geymsla og dreifing hænsnaskíts**

Skipulagsstofnun telur að við mat á loft og lyktarmengun sé æskilegt að byggt sé á vindrós (t.d. frá Grundartanga og Hvanneyri) við umfjöllun um ríkjandi vindáttir og dreifingu lyktar í matsskýrslu. Einnig þarf að leita upplýsinga frá nágrönum um vindáttir, hvort þeir verði varir við lykt frá kjúklingabúinu eða skít við dreifingu hans og við hvaða veðuraðstæður. Við mat á loftmengun frá skít sem dreift er á tún verði, sbr. svör framkvæmdaraðila við umsögnum, byggt á fyrirliggjandi efnagreiningum á skítnum og vegna loftmengunar frá eldihúsum verði notaðar tölur úr skýrslu Evrópusambandsins.

Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Hollustuverndar ríkisins um að í matsskýrslu þurfi að lýsa meðferð og viðbrögðum við óhöppum í kjúklingabúinu, t.d. sýkingum. Hér er m.a. átt við förgun hræja, meðhöndlun úrgangs og skíts úr sýktum húsum, sótthreinsun og eftirmeðferð. Einnig að meta þurfi hvort þörf geti verið á annarri endurnýtingu eða förgun skíts og þá gerð grein fyrir því hvernig að slíku verði staðið.

Skipulagsstofnun telur að fjalla þurfi í matsskýrslu, sbr. umsögn Hollustuverndar ríkisins, um hættu á foki á sagi, fiðri, fjöldrum og öðru rusli sem kann að fylgja með útmokstri og getur síðan fokið og áhrifum þess á lífríki og ásýnd lands t.d. við Laxá.

Skipulagsstofnun telur að fram þurfi að koma í matsskýrslu, sbr. umsögn

Hollustuverndar ríkisins, hvernig dreifingu á skít hefur verið hagað fram til þessa skv. starfsleyfi, (dagsetningar, hvar dreift, magni og vindátt og köfnunarefnisinnihald skítsins) til upplýsingar fyrir umsagnaraðila og almenning.

Skipulagsstofnun telur að fram þurfi að koma í matsskýrslu, sbr. umsögn sveitarstjórnar Hvalfjarðarstrandarhrepps, hver sé heildarstærð túna á jörðinni Hurðarbaki. Einnig verði gerð grein fyrir næringarefnástandi lands, áburðarþörf, annarri núverandi eða fyrirhugaðri áburðarnotkun og að fyrirhuguð dreifing miðist við að næringarefnastreymi út í Laxá aukist ekki frá því sem verið hefur. Þá verði gerð grein fyrir hve stór tún þarf til dreifingar á skít miðað við tiltekið magn köfnuanrefnis (N) á ha á ári og hve stór tún eru til dreifingar á skít í samræmi við starfsleyfi þ.e. miðað við að ekki má dreifa skít nær ám, lækjum og skurðbökkum en 10 m. Skipulagsstofnun telur að ef fyrirhugað er að dreifa skít á tún annarra jarða, eða úthaga, þurfi að gera grein fyrir umhverfisáhrifum þess á sambærilegum hátt.

Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslur þurfi að gera grein fyrir bráðabirgðageymslu á skít í skemmu að Hurðarbaki og áformaðri notkun hennar þar til framtíðar hauggeymsla verður tekin í notkun.

#### **4. Yfirborðsvatn**

Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að gera grein fyrir því sem fram kemur í svörum framkvæmdaraðila við umsögnum um sýnatöku af vatni, hvenær sýni eru tekin og hvar, til efnagreininga vegna mats á hugsanlegum áhrifum á Laxá og upplýsa um rennsli árinnar á þeim tíma. Gera þarf grein fyrir hvert affallsvatn frá hitaveitu verður leitt, magni og hita og niðurstöðum mats á hugsanlegum áhrifum þess á viðtaka. Gera þarf grein fyrir notkun sótthreinsandi efna og hugsanlegum áhrifum þeirra í frárennsli og á viðtaka. Í vöktunaráætlun þarf að koma fram hvað á að vakta, hvar, hvenær og hvernig verði brugðist við sýni niðurstöður vöktunar að bregðast þurfi við áhrifum með mótvægisáðgerðum.

#### **5. Örverur**

Skipulagsstofnun telur í ljósi umsagnar Hollustuverndar ríkisins að í matsskýrslu þurfi að gera grein fyrir athugunum á örverum m.t.t. þess hvort þær kunni að geta borist í nautgripi vegna dreifingar skíts á tún. Fram komi hvar og hvenær sýni verði tekin í þessu sambandi.

#### **6. Gróður**

Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að gera grein fyrir gróðursamfélögum utan túna sem áhrif framkvæmdarinnar kunna að verða á, sbr. upplýsingar um hugsanlega dreifingu á skít á óræktað land er komu fram á fundi Skipulagsstofnunar með ráðgjöfum framkvæmdaraðila 31. október 2002. Fjalla þarf um votlendi á athugunarsvæðinu, einkum meðfram Laxá og hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á það svo sem vegna áburðaráhrifa og fram komi hvort það er stærri en 3 ha sbr. 37. gr. laga um náttúruvernd. Fjalla þarf í stuttu máli um Grunnafjörð í matsskýrslunni og hvaða líkur kunni að vera á því að áhrifa framkvæmdarinnar gæti á verndarsvæðinu þar.

## **7. Starfsleyfi**

Skipulagsstofunn bendir á að óski framkvæmdaraðili eftir því að vinna að gerð starfsleyfis samhliða mati á umhverfisáhrifum þarf að leita samþykkis  
Skipulagsstofnunar fyrir því skv. 15. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

## **8. Skipulag og byggingarleyfi**

Skipulagsstofnun bendir á að í matsskýrslu þarf að koma fram hver sé staða skipulags, samræmi framkvæmda við það og hvaða breytinga kann að vera þörf á skipulagi svo sem vegna staðsetningar á þró fyrir hænsnaskít, hreinsikerfis fyrir frárennsli og uppröðun húsa.

### **Annað**

Bent er á að í lok matsskýrslu verði yfirlit yfir alla vöktun sem fyrirhuguð er af hálfu framkvæmdaraðila.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Póroddur F Póroddsson

Afrit: Hvalfjarðarstrandarhreppur, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, Hollstuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins og veiðimálastjóri